

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1985****2016/EES/19/10****frá 4. nóvember 2015****skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi
pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 28. apríl 2015 fór Belgía þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um það hvort veirueyðandi pappírspurrkur, sem settar eru á markað með fullyrðingunni „drepur 99,9% af kvef- & inflúensuveirum í pappírspurrkunni“, væru sæfivara eða meðhöndluð vara og, ef þær teldust sæfivara, hvort þær tilheyrðu þá vöruflokki 1 (hreinlætisvörur fyrir fólk) eða vöruflokki 2 (sótthreinsiefni og þörungaeuðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr).
- 2) Samkvæmt upplýsingum sem Belgía lagði fram eru pappírspurrkurnar þriggja laga pappírspurrkur og miðlagið er gegndreypt með sítrónusýru. Fullyrt er að sítrónusýran sé varanlega bundin í efnivið pappírspurrkunnar og verði í vörinni á vistferli hennar. Því er haldið fram að eftir að pappírspurrka hefur verið notuð, þ.e. þegar raki eftir hnerra, hósta eða snýtur í pappírspurrkuna lendir á miðlaginu, geri sítrónusýran veirurnar í pappírspurrkunni óvirkar til að koma í veg fyrir að þær flytjist aftur yfir á hendurnar, að veirurnar yfirfærast við snertingu handa á milli og yfirfærast á yfirborð sem pappírspurrkan kemst í snertingu við.
- 3) Pappírspurrkurnar uppfylla skilgreininguna á hlut eins og kveðið er á um í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 4) Pappírspurrkurnar uppfylla skilgreininguna á meðhöndlaðri vöru eins og kveðið er á um í l-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð þær innihalda sítrónusýruna af ásettu ráði með það að markmiði að óvirkja veirur og takmarka víxlmengun með þessum veirum.
- 5) Veirur uppfylla skilgreininguna á skaðlegri lífveru eins og kveðið er á um í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð þær geta haft skaðleg áhrif á menn.
- 6) Það að eyða, bægja frá, gera skaðlausa, koma í veg fyrir áhrif af eða halda skaðlegri lífveru í skefjum á annan hátt er sæfivirkni.
- 7) Til þess að skilgreina hvort pappírspurrkur séu meðhöndluð vara eða sæfivara er því nauðsynlegt að fastsetja hvort pappírspurrkurnar hafa fyrst og fremst sæfandi hlutverk eða ekki.
- 8) Fullyrðingin sem kemur fram á umbúðum pappírspurrknanna og auglýsingum er: „drepur 99,9% af kvef- & inflúensuveirum í pappírspurrkunni“. Með slíkri fullyrðingu er lögð meiri áhersla á sæfandi hlutverk pappírspurrknanna og það gert mikilvægara en önnur hlutverk þeirra (t.d. að snýta sér). Veirueyðandi pappírspurrkur hafa því fyrst og fremst sæfandi hlutverk.
- 9) Þar eð vöruflokkur 1 nær yfir sæfivörur sem eru notaðar til að sótthreinsa húðina eða hársvörðinn og vöruflokkur 2 nær yfir sæfivörur sem eru notaðar í víðtækari tilgangi, s.s. til að sótthreinsa yfirborð, efni eða andrúmsloft, svarar notkun pappírspurrknanna fremur til síðarnefnda vöruflokksins.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Veirueyðandi pappírspurrkur, sem eru gegndreyptar með sítrónusýru og settar á markað með fullyrðingunni „drepur 99,9% af kvef- & inflúensuveirum í pappírspurrkunni“, skulu teljast sæfivara í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og falla undir vöruflokk 2 eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við þá reglugerð.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
